

undir dóm heilbrigðrar skynsemi. Afstaða þeirra gagnvart rétt-trúnaði kyrkjunnar var sú, að ef rétt-trúnaðurinn þyldi ekki að vera skoðaður í ljósi vísindalegrar þekkingar, þá yrði hann að hverfa úr sögunni, og öll reynsla sýnir, að það á sér stað, hvar sem trúarbrögð og vísindi koma í mótsögn. Að undanteknu allmennt auknu frjálslyndi í trúarskoðunum, og umburðarlyndi, sem er sein afleiðing þessarar skynsemistrúarstefnu, má benda á biblúrannsóknina og samanburðartrúfræðina, báðar vísindalegar fræðigreinar, sem fyrst byrja eftir að stefna 18. aldarinnar var búin að jafna veginn. En þrátt fyrir alt það góða, sem þessi stefna hafði í för með sér, verður því ekki neitað, að hún var að sumu leyti þróngsýn og skammsýn. Hún hafði rannsókn og þekkingu síns tíma að grundvelli, og þeirri þekkingu var yfirleitt þannig varið, að eingöngu hin vitsmunalega hlið sálarlífssmannsins var tekin til greina.

Nítjánanda öldin hefir sérstaklega verið nefnd öld vísindalegra rannsókna. Margar af þeim vísindaskoðunum, sem á henni hafa aukið þekkingu vora á heiminum og lífinu, hafa haft hina mestu þýðingu fyrir allar lífsskoðanir vorar, en engin þó eins og breytíþróunarkenningin, sem kend er við Darwin. Að lýsa þýðingu hennar og áhrifum hér, yrði of langt mál. Hún hefir ekki einungis breytt skoðuninni um sérstakan uppruna mannsins í skoðun um sameiginlegan uppruna hans og alls lífs, sem kastar nýju ljósi á allan hans liðna æfiferil, heldur einnig vakið eftirkött manna á framþróun hins andlega lífs, á þroskun allra hugmynda mannsins af einu stigi á annað, á fullkomnum hins síðferðislega lífs í gegnum reynslu kynslóðanna. Breytíþróunarkenningin er afleiðing af rannsókn lífsins sjálfss, frá líkamlegu sjónarmiði skoðað. Þeirri rannsókn er ekki lokið, heldur er starfað að henni af miklu kappi nú um allan hinn mentaða heim, og vér megum búast við, að hún eigi eftir að leiða margan sannleika í ljós, sem hafi mikla þýðingu fyrir lífsskoðanir vorar.

Ein tegund af rannsókn hefir samt meiri þýðingu en allar aðrar, þegar um lífsskoðanir er að ræða, vegna þess, að hún hjálpar oss til að skilja eðli þeirra betur en nokkur önnur, það